

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



Dags eftirlits	12.7.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	Sigurður Ingason
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4307002270	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Hr Grímarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Auka eftirlitsferð var farin vegna frávíks frá grein 2.3 í undanþágu frá starfsleyfi þar sem að unnið var með blautt álgjall sem samkvæmt grein 2.3 í starfsleyfi skal varið gegn raka. Af þeim sökum myndaðist mikill reykur í verksmiðjunni. Rekstraraðili skal senda UST staðfestingu á endurbótum hráefnisgeymslu (gáma).

Eftirlitsaðili gerir einnig athugasemd við hve mikið magn brotaáls sem hefur safnast upp á verksmiðjulóðinni. Rekstraraðili skal lágmarka birgðir sem geymdar eru á svæðinu eins og mögulegt er og leitast við að vinna hráefni jafnóðum og það kemur inn á svæðið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í auka eftirlit vegna ábendingar um ljósan reyk sem lagði frá verksmiðjunni 9.júlí sl. Einnig kom ábending um stóra hauga af brotaáli umhverfis verksmiðjuna.

Skýringar rekstraraðila voru að þeir hefðu verið að vinna gamalt hráefni sem hefði blotnað. Af þeim sökum myndaðist mikill ljós reykur sem kom af og til frá 8.júlí fram til hádegis 9.júlí.

Í eftirlitsferðinni var litið á hráefnið og geymsluaðferðirnar. Skilyrði undanþágu um starfsleyfi er að allt álgjall skuli varið fyrir raka. Rekstraraðili telur ástæðu þess að efnið blotnaði vera að gámurinn sem það var geymt í var lekur. Rekstraraðili er að yfirfara alla hráefnisgáma í eigu Kratus til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Umhverfisstofnun óskar eftir öryggisblöðum fyrir álgjallið. Einnig skulu hráefnisgámar lagfærðir og/eða endurnýjaðir þannig að tryggja megi að þeir séu rakavarðir.

Í eftirlitinu var einnig litið á brotaálshaugana á verksmiðjulóðinni. Töluvert magn hefur safnast upp vegna þess að rekstraraðila hefur vantað klippur svo hægt sé að klippa brotaálið niður í vinnanlegar einingar. Klippurnar eru væntanlegar og er þá búist við að vinnsla brotaálsins geti hafist almennilega og að birgðirnar fari minnkandi. Mikilvægt er að rekstraraðili fylgist með eiginleikum og hreinleika hráefnisins við afhendingu og skrái í rekstrarhandbók sbr. grein 3.2 í starfsleyfi.

Frávik frá

Grein 2.3 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Unnið var með blautt álgjall sem samkvæmt starfsleyfi skal varið fyrir raka. Rekstraraðili skal senda staðfestingu á úrbótum hráefnisgeymslna (gáma).

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við mikið magn brotaáls sem hefur safnast upp á verksmiðjulóðinni. Rekstraraðili skal lágmarka birgðir sem geymdar eru á svæðinu eins og mögulegt er og leitast við að vinna hráefni jafnóðum og það kemur inn á svæðið.

Reykjavík, 15.07.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.